

ÖLGERÐIN EGILL SKALLAGRÍMSSON HF.

AÐALFUNDUR - FUNDARBOÐ

Aðalfundur Ölgerðarinnar Egill Skallagrímsson hf., kt. 420369-7789, verður haldinn **fimmtudaginn 25. maí 2023, kl. 16:00**, í höfuðstöðvum félagsins að Grjóthálsi 7-11 í Reykjavík.

Atkvæðagreiðsla á fundinum fer fram með rafrænum hætti í gegnum Lumi AGM veflausnina. Þeir hluthafar sem hyggjast neyta atkvæðisréttar síns á fundinum þurfa því að tilkynna félaginu um mætingu á fundinn fyrirfram og fá aðgangsupplýsingar. Skráning fer fram á www.lumiconnect.com/meeting/olgerdin2023. Nánari leiðbeiningar koma fram að neðan.

Dagskrá fundarins:

- 1. Stjórn félagsins skýrir frá hag félagsins og rekstri þess á liðnu starfsári.**
- 2. Staðfesting ársreiknings félagsins fyrir liðið starfsár.**
- 3. Breytingar á samþykktum félagsins.**
- 4. Stjórn félagsins kjörin og endurskoðandi eða endurskoðunarfyritæki.**
- 5. Ákvörðun tekin um hvernig fara skal með hagnað eða tap félagsins á liðnu starfsári.**
- 6. Ákvörðun tekin um greiðslur til stjórnarmanna fyrir störf þeirra á starfsárinu, sem og til nefndarmanna í undirnefndum stjórnar.**
- 7. Samþykki starfskjarastefnu félagsins.**
- 8. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni sem löglega eru upp borin.**
- 9. Önnur mál.**

Meginefni tillagna stjórnar til breytinga á samþykktum undir dagskrárlið 3:

- (a) Breyting á 2. mgr. 4. gr.: heimild stjórnar til að hækka hlutafé félagsins framlengd til 25. maí 2028.
- (b) Ákvæði 2. mgr. 5. gr. felld brott.
- (c) Breyting á 3. mgr. 10. gr.: lagt til að félagsstjórn geti ákveðið að hluthafar sem hyggjast taka þátt í rafrænum hluthafafundi með rafrænum hætti tilkynni félaginu um slíka þátttöku allt að tveimur dögum fyrir fundinn, í stað fimm daga líkt og samkvæmt gildandi samþykktum.
- (d) Breyting á 3. mgr. 11. gr.: tilhögun boðunar til hluthafafunda í félaginu breytt, þannig að til þeirra verði boðað með auglýsingum í fjölmiðlum, með auglýsingu í fréttakerfi kauphallar eða með öðrum sannanlegum hætti.
- (e) Breyting á 1. mgr. 16. gr.: ákvæði um varamann í stjórn felld brott, þannig að stjórn félagsins verði eingöngu skipuð fimm aðalmönnum.

Um nánari útskýringar á framangreindum breytingartillögum vísast til tillagna stjórnar sem liggja fyrir á vefsíðu félagsins, <https://www.olgerdin.is/fjarfestar/hluthafafundur>.

Aðrar upplýsingar

Mæting á fundinn – rafræn atkvæðagreiðsla

Aðalfundurinn verður haldinn í höfuðstöðvum félagsins að Grjóthálsi 7-11 í Reykjavík. Öllum hluthöfum er heimilt að sækja fundinn, taka þar til máls og neyta atkvæðisréttar síns. Rétt til setu á aðalfundi eiga, auk hluthafa og umboðsmanna þeirra, endurskoðandi, stjórnarmenn og forstjóri félagsins. Skal nefndarmönnum undirnefnda stjórnar jafnframt heimilt að sitja fundinn. Stjórnin getur einnig boðið sérfræðingum setu á fundinum.

Hluthafa er heimilt að sækja fund ásamt ráðgjafa, en slíkur ráðgjafi hefur hvorki tillögurétt né atkvæðisrétt á fundinum. Hluthafa er þó heimilt að gefa ráðgjafa sínum orðið fyrir sína hönd.

Hluthöfum er heimilt að láta umboðsmann sækja aðalfundinn og fara þar með atkvæðisrétt fyrir sína hönd. Hluthafar einir bera ábyrgð á því hvaða einstaklingum/aðilum þeir veita umboð eða afhenda aðgangsupplýsingar. Á vefsíðu félagsins, <https://www.olgerdin.is/fjarfestar/hluthafafundur>, má finna form af umboði sem hluthöfum er bent á að nýta sér. Umboð skal vera dagsett og gildir einungis til fundarsetu á aðalfundinum nema annað sé skýrt tekið fram í efni umboðsins, en getur þó aldrei gilt lengur en í eitt ár frá dagsetningu þess.

Atkvæðagreiðsla á fundinum fer einungis fram með rafrænum hætti. Hluthafar sem hyggjast neyta atkvæðisréttar síns á fundinum þurfa því að óska eftir aðgangi að Lumi AGM fyrir fram á vefsíðunni www.lumiconnect.com/meeting/olgerdin2023.

Til þess að hægt sé að tryggja tímanlega úrvinnslu á beiðnum hluthafa um aðgangsupplýsingar skulu þeir óska eftir aðgangi að Lumi AGM eigi síðar en tveimur sólarhringum fyrir aðalfundinn, eða eigi síðar en kl. 16:00 þann 23. maí 2023.

Nánari leiðbeiningar um hvernig hluthafar geta nálgast aðgangsupplýsingar og upplýsingar um framkvæmd rafrænnar atkvæðagreiðslu með Lumi AGM er að finna á vefsíðu félagsins, <https://www.olgerdin.is/fjarfestar/hluthafafundur>.

Hluthöfum, sem jafnframt eru lögaðilar eða hyggjast láta umboðsmann sækja aðalfundinn, er bent á að tryggja að sá aðili sem sækir um aðgang hafi til þess heimild. Heimilt er að senda félaginu afrit af undirrituðu umboði fyrir fundinn með rafrænum hætti á netfangið adalfundur@olgerdin.is. Rafrænu umboði skulu fylgja upplýsingar til nægjanlegrar sönnunar um að umboðið stafi frá hluthafa, svo sem mynd vegabréfs eða ökuskráteis hluthafa eða fyrirsvarsmanns hluthafa.

Aðalfundargögn

Endanleg dagskrá, tillögur, ársreikningur og samstæðureikningur fyrir starfsárið sem lauk 28. febrúar sl. og önnur skjöl sem lögð verða fyrir aðalfundinn eru aðgengileg á vefsíðu félagsins, <https://www.olgerdin.is/fjarfestar/hluthafafundur>, sem og í höfuðstöðvum félagsins.

Réttur hluthafa til að fá mál sett á dagskrá aðalfundar

Hver hluthafi á rétt á því að fá ákveðin mál tekin til meðferðar á fundinum ef hann gerir um það skriflega eða rafræna kröfu til félagsstjórnar eigi síðar en 10 dögum fyrir fund, þ.e. fyrir kl. 16.00, þann 15. maí 2023. Hægt er að senda tillögur eða ályktanir fyrir fundinn á netfangið adalfundur@olgerdin.is. Kröfunni skal fylgja rökstuðningur eða drög að ályktun til félagsstjórnar.

Félagsstjórn mun a.m.k. þremur dögum fyrir fundinn upplýsa hluthafa um kröfuna og eftir atvikum tillöguna, svo og eftir atvikum endurskoðaða dagskrá fundarins, á vef félagsins.

Upplýsingar fyrir hluthafa

Á fundarboðsdegi eru 2.806.965.174 hlutir í félaginu og atkvæði jafnmörg. Þar af eru virk atkvæði 2.806.648.060.

Á aðalfundinum fylgir eitt atkvæði hverri krónu í hlutafé. Eigin hlutir félagsins njóta ekki atkvæðisréttar.

Á vef félagsins er birtur listi yfir 20 stærstu hluthafa félagsins.

Fundurinn fer fram á íslensku.

Reykjavík, 2. maí 2023
stjórn Ölgerðarinnar Egill Skallagrímsson hf.